Fundargerð - Formannafundur FRÍ

Auglýstur tími:	Þriðjudagur 3. desember 2024 (19.30 til 21.00)
Staðsetning:	Fundur haldinn í gegnum fjarfundaforritið Zoom
Fundarstjórn:	Freyr Ólafsson
Fundarritun:	Haukur Björnsson
Fundarmæting:	Anna Jónsdóttir, Ari Heiðmann Jósavinsson, Auður Árnadóttir, Ágúst J, Burkni Helgason, Daði, Fanney Ólöf, Freyr Ólafsson, Freyr Ævarsson, Friðleifur Friðleifsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðmunda Ólafsdóttir, Guðmundur Heiðar Guðmundsson, Guðmundur Karlsson, Gunnhildur Hinriksdóttir, Hafsteinn Óskarsson, Haukur Björnsson, Hjördís Ólafsdóttir, Inga Dís Karlsdóttir, Íris Berg Bryde, Jóna Finndís, Oddný Kristinsdóttir, Ragnheiður Ólafsdóttir, Rannveig Oddsdóttir, Sigurður Magnússon, Silja Úlfarsdóttir, Snjólaug María, Soffía Svanhildar Felixdóttir, Sonja Sif Jóhannsdóttir, Teitur Ingi Valmundsson, Örvar Ólafsson.

Fundur settur kl. 19.31.

1. Opnun og skýrsla stjórnar - Freyr Ólafsson, formaður FRÍ
Guðmundur Karlsson, framkvæmdastjóri FRÍ, opnaði fundinn og tilkynnti að fundur verði tekinn upp. Því næst var fundurinn og boðun hans staðfest lögmæt.

Freyr Ólafsson kynnti skýrslu stjórnar. Þar kom m.a. fram að börnum og unglingum í frjálsum fjölgar á landsvísu, nýtt mótaforrit er í innleiðingu og undirbúningur að byggingu þjóðarleikvangs er að hefjast. Vottun hlaupa gengur vel og nefndir eru virkar. Nýtt dómaranámskeið hefur hlotið góð viðbrögð. Nýr fræðslu- og útbreiðslustjóri hóf störf í haust og Lindex og Gina Tricot eru nýir bakhjarlar FRÍ. Evrópska frjálsíþróttasambandið hefur í haust aðstoðað FRÍ með stefnumótun, FRÍ klúbbur er í undirbúningi og Ísland er í forsæti Norðurlandssamstarfs. Rekstur og fjármál FRÍ eru í jafnvægi.

2. Fjármál FRÍ - Auður Árnadóttir, gjaldkeri FRÍ
Auður Árnadóttir kynnti útkomuspá (rekstur) fyrir árið 2024. Gert er ráð fyrir að rekstrarafgangur (EBITDA) verði 4,8 mkr í lok árs.

Hún kynnti einnig rekstraráætlun fyrir árið 2025. Gert er ráð fyrir að tekjur hækki um 15,0 mkr á milli ára, en að gjöld hækki um 19,6 mkr. Gert er ráð fyrir að rekstrarafgangur (EBITDA) verði 0,2 mkr. Hún tilkynnti einnig að skráningargjöld á mót hækka í samræmi við vísitölu neysluverðs, líkt og samþykkt var á síðasta frjálsíþróttaþingi. Í framtíðinni er stefnt á að gjaldskrá næsta árs verði kynnt eigi síðar en að vori (ársþingi eða formannafundi).

3. Mótaskrá FRÍ 2025 - Íris Berg Bryde, verkefnastjóri mótamála og viðburða
Íris Berg Bryde kynnti mótaskrá FRÍ fyrir árið 2025 (innlend og erlend mót), og hvar upplýsingar er að finna á vefsíðu FRÍ (www.fri.is).

4. Hlaupin heim - Friðleifur Friðleifsson, formaður langhlaupanefndar
Friðleifur Friðleifsson kynnti verkefnið Hlaupin heim, sem snýr að því að koma hlaupum aftur „heim í frjálsar“ og auka gæði viðburða. Verkefnið er í samræmi við stefnu EA og WA sem hafa bæði lagt áherslu á styrkingu hlaupa á undanförnum misserum. Langhlaupanefnd er mjög virk og nú þegar hafa verið stigin stór skref í átt að betri gæðum, t.d. varðandi regluverk, vottunarferli, afrekaskrá og landsliðsmál. Lögð hefur verið áhersla á götuhlaup, en næst verður lögð áhersla á utanvegahlaup.

Friðleifur benti á að flestar upplýsingar um hlaup er að finna á vefsíðu FRÍ, undir flipanum Hlaupamál. Umræður.

5. Reglugerðarbreytingar til kynningar - Freyr Ólafsson og Inga Dís Karlsdóttir, langhlaupanefnd
Freyr Ólafsson kynnti umgjörð og forsögu þess að stjórn getur breytt reglugerðum eftir kynningu á formannafundi. Því næst kynntu hann og Inga Dís Karlsdóttir helstu atriði sem lagt er til að breytist í reglugerðum FRÍ, sjá hér að neðan (númer reglugerða innan sviga).

- Allir aldursflokkar á einum stað (26)
- Bikarkeppni FRÍ aftur á 2 daga (32)
- Uppfærð gjaldskrá FRÍ (14)
- Ný reglugerð (28) um úrslit, viðurkenningu á árangri, íslensk met og skil á úrslitum í götuhlaupum
- Ný reglugerð (35) um landsliðsval utanvegahlaupa
- 100 km götuhlaupi bætt inn í reglugerðir (34 og 30.3)
- Uppfærð reglugerð (34) um Meistaramót Íslands í götuhlaupum og önnur FRÍ vottuð hlaup.

Engar athugasemdir gerðar við tillögur að breytingum.

6. Útbreiðsla og tækifæri í frjálsum, Soffía Svanhildar Felixdóttir
Soffía Svanhildar Felixdóttir kynnti sig en hún er nýr útbreiðslu- og fræðslustjóri FRÍ. Því næst fór hún yfir hún stöðu frjálsíþrótta í tölum og helstu áherslur í útbreiðslu- og kynningarmálum. Stefnt er að því að fjölga iðkendum, viðburðum og félögum sem bjóða upp á frjálsar. Einnig er stefnt að því að virkja skóla, svæðisstöðvar UMFÍ/ÍSÍ og auka sýnileika í samfélaginu.

7. Önnur mál

- Freyr Ólafsson fór yfir umræðu sem skapast hefur um nýlega nafnabreytingu á úrvalshóps FRÍ í unglingalandslið. Komið hefur fram að nafnið henti ekki hópnum þar sem ekki er um eiginlegt keppnislið að ræða. Bent var á að heitið unglingalandslið auðveldi söfnun fjármagns vegna ferða o.s.fr. Tillögur komu að nýjum nöfnun, s.s. úrvalshópur landsliðs. Stjórn mun taka málið fyrir á næstunni.
- Ragnheiður Ólafsdóttir ræddi um bikarkeppnir FRÍ, s.s. að keppnisgreinar séu orðnar of margar fyrir mönnun, tímaseðil, sjónvarpsútsendingu o.fl. Ekki er hentugt að „hringla“ með greinar á milli ára og að keppnisgreinar kynja séu ekki jafn margar. GK fór yfir ástæður breytinga, sem flestar tengjast því að mótið telur til stiga og því reynt að jafna möguleika alls íþróttafólks. Umræður.
- Teitur Ingi spurði um hvort hægt sé að útbúa gagnagátt fyrir skjöl sem tengjast starfinu. Skrifstofa þakkar fyrir góða ábendingu sem verður tekin til greina.

Freyr þakkaði fyrir góðan fund og gott starf. Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 21.23.

Fylgigögn:

- Kynningar sem sýndar voru á fundinum.